

## REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 958/2015 um loðnuveiðar  
færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertiðinni 2015/2016.**

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Færeyskum skipum er heimilt að stunda loðnuveiðar með flotvörpu innan svæðis sem afmarkast af línum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

1. 67° 11' N – 014° 30' V
2. 68° 00' N – 014° 30' V
3. 68° 00' N – 008° 30' V
4. 65° 15' N – 008° 30' V
5. 65° 15' N – 011° 20' V
6. 66° 05' N – 011° 30' V
7. 66° 15' N – 012° 00' V
8. 66° 12' N – 012° 22' V
9. 66° 40' N – 012° 40' V
10. 66° 47' N – 013° 00' V
11. 66° 52' N – 013° 08' V
12. 67° 11' N – 014° 30' V

Verði aðgangur færeyskra skipa að fiskveiðilandhelgi Íslands takmarkaður, vegna nauðsynlegs skipulags á veiðum, er óheimilt að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggi staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

Ef fjöldi skipa er takmarkaður skv. 2. mgr. skulu ekki vera fleiri loðnuveiðiskip í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni en þau sem hafa hlutið staðfestingu frá Landhelgisgæslunni, sbr. þó 12. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og ny-sköpunarráðuneytinu, 25. janúar 2016.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*